

Breytingartillögur borgarfulltrúa Viðreisnar við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026

C-1 Tillaga um hlutfall stöðugilda miðlægrar stjórnsýslu

Lagt er til að hlutfall miðlægrar stjórnsýslu verði 6% af heildarhlutfalli stöðugilda hjá Reykjavíkurborg árið 2027.

Greinargerð

Hlutfall miðlægrar stjórnsýslu hjá Reykjavíkurborg var samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 8% árið 2023. Miðað er við miðlæga stjórnsýslu á öllum sviðum og skrifstofum borgarinnar. Lagt er upp með að árangur náist um 1% árið 2026 og 2% verði náð á árinu 2027. Miðað er við launakostnað ársins 2026 í A-hluta við útreikning. Áætluð fjárhagsleg áhrif á fjárhagsáætlun 2026 er lækkun kostnaðar um 1,2 milljarða kr. Áætluð áhrif árið 2027 er lækkun kostnaðar uppá 2,4 milljarða kr. Áætluð áhrif á fimm ára áætlun borgarinnar er lækkun kostnaðar uppá 9,2 milljarða kr.

C-2 Tillaga um að mannréttindaskrifstofa verði lögð niður

Lagt er til að leggja niður mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar frá og með 1. júní 2026.

Greinargerð

Tillagan miðar að því að hún taki gildi 1. júní 2026. Áætluð fjárhagleg áhrif á árinu 2026 er lækkun kostnaðar um 123 milljónir kr. Áætluð áhrif á fimm ára áætlun er lækkun kostnaðar uppá 1,2 milljarða kr.

C-3 Tillaga um að selja Malbikunarstöðina Höfða

Lagt er til að Malbikunarstöðin Höfði verði seld.

Greinargerð

Um er að ræða einskiptisaðgerð. Áætlaðar tekjur af söluhagnaði geta numið 2-2,5 milljörðum kr.

C-4 Tillaga um sölu fasteigna

Lagt er til að eftirfarandi fasteignir verði seldar: Tjarnargata 20, Lindargata 51 og lðnó.

Greinargerð

Um er að ræða einskiptisaðgerð. Áætlaðar tekjur af söluhagnaði geta numið 1-1,2 milljörðum kr. Óvíst er með lækkun vegna rekstarkostnaðar en um verulegar upphæðir er að ræða þar sem húsin þurfa stöðugt viðhald og rekstrarkostnaður er mikill.

C-5 Tillaga um sölu bílastæðahúsa Reykjavíkurborgar

Lagt er til að selja eftirfarandi bílastæðahús Reykjavíkurborgar: bílastæðahúsið Bergstöðum, bílastæðahúsið Stjörnuporti, bílastæðahúsið Traðarkoti, bílastæðahúsið Vesturgötu, bílastæðahúsið Kolaportið og bílastæðahúsið Vitatorgi.

Greinargerð

Um er að ræða einskiptisaðgerð. Áætlaðar tekjur af söluhagnaði geti numið 5,8-6,6 milljörðum kr. Óvíst er með lækkun vegna rekstarkostnaðar en um verulega upphæðir er að ræða þar sem húsin þurfa stöðugt viðhald og þjónustu ásamt því að rekstrarkostnaður er mikill.